

78. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd þriðjudaginn 14. febrúar 2006 kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Guðmundur Kristinsson, Guðbrandur Björgvinsson, Dagný Þórisdóttir, Helgi B. Haraldsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

- 1) Lögð fram deiliskipulagstillaga af verslunar- og þjónustusvæði við Aðalgötu dags. 14.02.06.
Deiliskipulagstillaga samþykkt með fyrirvara á að skoðuð verði eignarhald sameign lóða nr. 3,4,5,6 og 7.
- 2) Deiliskipulagstillaga við Nesveg /Hafnarsvæði dags. 6.01.06. Einnig lögð fram bókun hafnarnefndar frá 1.02.06.
Samþykkt að vinna áfram með tillögu T1.
- 3) Deiliskipulagstillaga af athafnasvæði A2 við Birgisborg. Tillagan var í auglýsingu frá 29. desember 2005, og frestur til að skila athugasemdum var til og með 10. febrúar s.l. Athugasemdir bárust frá stjórn Ræktunarfélags Stykkishólms (Hermannni Guðmundssyni, Hannesi Gunnarssyni og Eiríki Helgasyni), dags. 5. febrúar 2006 og Skipavík ehf /Sigurjóni Jónssyni, dags. 9. febr. 2006. Umsögn ásamt athugasemdum lögð fram dags. 13. febrúar 2006.
*Deiliskipulagstillaga ásamt umsögn dags. 13. febrúar 2006 samþykkt með þremur atkvæðum gegn mótaskvæði Guðbrandar .
Dagný sat hjá undir lið 3.*

Bókun við lið nr. 3: Guðbrandur Björgvinsson leggur til að úthlutað verði fyrst lóðum á A1, samkvæmt aðalskipulagi.
- 4) Þórarinn Sighvatsson sækir um tímabundið leyfi til afnota af lóð Stykkishólmsbæjar. Um er að ræða um 280 m² svæði fyrir framan að Aðalgötu 28, samkvæmt tillöguteikningu .
Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi á tilgreindu svæði til að reisa sumarhús á.

- 5) Fyrirspurn frá Gunnlaugi Valdimarssyni um að byggja við Austurgötu 5, samkvæmt tillöguteikningum.
Tekið er jákvætt í erindið.
- 6) Lagðar fram tillögur um reglur við útleigu á geymslusvæðinu í Heljarmýri.
Lagt fram til kynningar.
- 7) Ferdinand Alfredsson sækir um fyrir hönd Rarik um að gera gönguhurð á húsi Rariks að Hamraendum 2, sbr. teikningu.
*Erindi samþykkt. Gjald kr. 3000.-
Helgi og Gretar sátu hjá undir lið nr. 7.*
- 8) Tillaga að lóðarstækkun að Bókhöðustíg nr. 15.
Samþykkt að lóðarstærð taki mið af núverandi limgerði.
- 9) Gretar D. Pálsson Víkurflöt 10 sækir um að breyta gluggum og byggja sólstofu sbr. teikningar frá Ásgeir Gunnari Jónssyni dags. 10.02.2006. Samtals m², m³.
*Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.
Gretar sat hjá undir lið 9.*
- 10) Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee sækja um að byggja viðbyggingu og bílskúr við Víkurflöt nr. 8 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK dags. jan. 2006. Samtals 70 m², 245.6 m³.
Samþykkt að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn fyrir Víkurflöt nr. 5, 6, 7, 9, og 10.
- 11) Lögð fram deiliskipulagstillaga á sjálfsafgreiðslu- og eldneysisstöð við Aðalgötu.
Tillaga samþykkt í auglýsingu.
- 12) Önnur mál.
 - a) Þorbergur Bæringsson leggur fram tillögu um að útbúa betri aðstöðu fyrir sorpílát á skólalóðum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Formaður þakkar fundarsetu.
Fundu slitið kl. 19:50

Helgi Haraldsson (sign)
Þorbergur Bæringsson (sign)
Dagný Þórisdóttir (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)
Gretar D. Pálsson
Guðmundur Kristinsson
Guðbrandur Björgvinsson

